

Ferðamálaráð Íslands
655. fundur haldinn mánudaginn 22. mars 2004 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Dagur Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs.

1. Fundargerð 654. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt með breytingum.

2. Afgreiðsla umsókna um umhverfisstyrki

Umhverfisfulltrú kynnti tillögur sínar um styrki í framhaldi af auglýsingu ráðsins þar sem auglýst var að nýju eftir umsóknum vegna 7,9 milljóna, sem voru á færðar á milli flokka. Tillagan var samþykkt samhljóða

3. Upplýsingar um upplýsingamiðstöðvar

Í framhaldi af umræðum á síðasta fundi var dreift samantekt Péturs Rafnssonar verkefnisstjóra um upplýsingamiðstöðvar á landinu og aðkomu Ferðamálaráðs að rekstri þeirra. Miklar umræður urðu um málið og var ákveðið að reyna að fá forstjóra Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á fund ráðsins til að ræða um upplýsingamál ferðamanna í stöðinni.

4. Kynning á afgreiðslu umsókna um samstarfsverkefni í markaðsmálum erlendis

Ferðamálastjóri og forstöðumaður markaðssviðs fóru yfir vinnuferlið við verkefnið og dreifðu lista yfir þá sem ákveðið hefði verið að ganga til samstarfs við á þessu ári.

5. Dreift nokkrum fréttum undanfarinna vikna

6. Nýting fjármuna til innlendra markaðsverkefna árið 2004

Forstöðumaður markaðssviðs kynnti þau áform sem væru uppi um nýtingu fjármuna til samstarfsverkefna innanlands á þessu ári, en auglýst verður eftir samstarfsaðilum fyrir mánaðarmót.

7. Önnur mál

a) Steinn Lárusson óskaði eftir að kannaðir yrðu möguleikar á að fjölga þeim þjóðernum sem talin væru við brottför í Keflavík.

b) Lagt fram erindi frá SAF þar sem óskað er eftir að settur verði á fót samráðshópur vegna ferðasýninga erlendis og tveir aðilar verði frá hvorum í hópnum Erindið samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:55.

. fundur haldinn mánudaginn 16. febrúar 2004 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Dagur Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Steingrímur Birgisson, varafulltrúi SAF
Ásborg Arnþórsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs.

1. Fundargerð 653. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Afgreiðsla vegna fjárlagaliðar 1.11 (Upplýsingamiðstöðvar) og 1.21 (Umhverfisverkefni)

Lagðar voru fram tillögur að skiptingu fjár vegna upplýsingamiðstöðva. Þá lá einnig fyrir með hvaða hætti samgönguráðuneytið mun koma fjárhagslega að því máli. Tillagan var samþykkt samhljóða

Umhverfisfulltrúi gerði grein fyrir tillögum vegna styrkja til umhverfisúrbóta. Í þeirri tillögu var gert ráð fyrir að auglýsa að nýju eftir umsóknum vegna 7,9 milljóna,sem yrðu á færðar á milli flokka. Tillagan var samþykkt samhljóða

3. Nýjar reglur um hafnir 1. 7. 2004

Á fundinn kom Jóhann Guðmundsson skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu og svaraði spurningum um það með hvaða hætti þessar nýju reglur gætu haft áhrif á komu skemmtiferðaskipa og umferð farþega þeirra.

4. Aðild Ferðamálaráðs að Cruise Iceland

Lögð voru fram á fundinum drög að stofnasamningi Cruise Iceland, sem eru samtök aðila,sem vilja vinna í sameiningu að markaðsetningu Íslands fyrir skemmtiferðarskip og bæta aðstöðu fyrir þau. Samþykkt samhljóða að Ferðamálaráð Íslands yrði stofnaaðila að samtökunum.

5. Dreift nokkrum fréttum undanfarinna vikna

6. Önnur mál

Formaður gerði að umtalsefni skýrsluna um íslenska eldhúsið og óskaði eftir því við varaformann, sem sat í þeirri nefnd er vann skýrsluna að hann ynni samantekt til umræðu í ráðinu. Dagur Eggertsson óskaði eftir að á sama hátt yrði unnin samantekt hvað varðaði skýrslur um heilsutengda ferðaðþjónustu og menningartengda ferðaðþjónustu.

Pétur Rafnsson lagði fram erindi Ferðamálasamtaka Íslands vegna Ferðatorgs 2004 7.-9. maí og óskaði eftir aðild Ferðamálaráðs með sama hætti og áður. Það var samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:55.